

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
 11-200
 GÓÐA SALIN Í SESUAN
 Frumsýning annan jóladag kl. 20
 2. sýning laugardag 27. des. kl. 20.
CARMEN
 sunnudaginn 28. des. kl. 20
 Miðasala 13,15-20.
 Sími 1-1200.

AUGLYSIÐ Í TÍMANUM

HÁSKÓLABÍÓ
 2-21-40
Sunday, Bloody, Sunday
 Viðfræg bandarísk mynd.
 Leikstjóri: John Schlesinger
 Aðalhlutverk:
 Glenda Jackson,
 Peter Finch,
 Murray Head.
 Sýnd kl. 5, 7 og 9.

STJÓRNABÍÓ
 1-89-36
Kynóði þjónninn


NYJA BÍÓ
 1-15-44
"PURE DYNAMITE!"

THE FRENCH CONNECTION

GAMLA BÍÓ
 Sími 11475
Síðustu dagar Hitlers


35,8 milljónir króna í innistæðulausum ávísunum

Að kvöldi hins 12. desember fór fram skyndikönnun innistæðulausra tékka á vegum Seðlabanka Íslands. Könnunin náði m.a. til innlánsstofnana í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði, Keflavík og Selfossi.

Sama dag fór fram í fyrsta sinn sams konar könnun á Akureyri, sem náði til innlánsstofnana á Akureyri og nágrenni.

Í báðum könnunum komu fram alls 1328 tékkar án fullnægjandi innistæðu, að fjárhæð samtals kr. 35,8 millj. sem reyndist vera 1,03% af veltu föstudagsins, sem nam 3.464 millj. kr. Til samanturðar ber þess að geta, að við

könnun hinn 7. nóvember sl. komu fram 1254 tékkar að fjárhæð 102,5 millj. kr, sem ónóg innistæða var fyrir og námu þeir 3,1% af veltu dagsins.

Þó að innistæðulausir tékkar séu nú fleiri, er heildarútkoman verulega betri en við könnunina 7. nóvember sl.

Reiknistofa bankanna vinnur nú sem næst alla tékka sem berast bönkum á Reykjavíkursvæðinu. Voru hreyfingar hjá henni aðfaranótt sl. laugardags nálægt 87.000, þar af tékkar rúmlega 60.000 talsins. Hafa allir bankarnir nema einn hafið viðskipti við Reiknistofuna.

Sýslað í baslinu

— minningar Guðmundar Jónssonar

Bókautgáfan Letur hefur gefið út bók Jóns frá Pálmholti Sýslað í baslinu, minningar Guðmundar Jónssonar frá Selbekk í Steingrímsfirði og síðar á Ingunnarstöðum í Geiradal.

Í þessari bók, rekur aldrafur maður norðan af ströndum, Guðmundur Jónsson, - endurminningar æsku og fullorðinsára í heimahögum og segir frá fyrstu árum sínum í Reykjavík. Minningar Guðmundar voru lesnar í útvarpi s.l. sumar og vöktu mikla athygli, enda frásögnin óvenju hreinskilin og viðskipti hans við samtíðarmenn sína um margt óvenjuleg og söguleg.



Jón frá Pálmholti.

Meira af Jóni Oddi og Jóni Bjarna

Út er komin hjá bókautgáfunni Íðunni önnur bók um þá bræður Jón Odd og Jón Bjarna, eftir Guðrúnu Helgadóttur. Nefnist hún: Meira af Jóni Oddi og Jóni Bjarna.

Fyrsta bók Guðrúnar, Jón Oddur og Jón Bjarni, vakti mikla athygli og hlaut verðlaun sem bezta íslenska frumsamda barnabókin árið 1974. Hún hefur öðlzt

miklar vinsældir, jafnt barna sem fullorðinna, og falast hefur verið eftir bókinni til útgáfu í sjö löndum utan Íslands.

Bækurnar eru skrifaðar af fjörugu ímyndunarafla, ríkulegri gamansemi og næmum lífsskilningi og eiga erindi til barna á öllum aldri.

Sigrún Eldjárn myndskreytti bókina og teiknaði kápu.

Þriðja bókin um Húgó og Jósefínu komin út

Þriðja og síðasta bókin um Jósefínu og Húgó, eftir Mariu Gripe, er komin út hjá bókautgáfunni Íðunni. Nefnist hún Húgó. María Gripe er óumdeilanlega einn fremsti barnabókahöfundur Svía, og hefur hún hlotið margvíslegar viðurkenningar. Fyrir bækurnar um Húgó og Jósefínu hlaut hún virtustu viðurkenningu, sem veitt er fyrir sænskar barnabækur: Nils Holgersson-verðlaunin, og Húgó hlaut verðlaun

sænska dagblaðsins Expressen, sem bezta barnabókin árið sem hún kom út. Auk þessa hlaut María Gripe árið 1974 þau alþjóðlegu barnabókaverðlaun, sem mestrar virðingar njóta H.C. Andersens-verðlaunin.

Eftir bókinni Húgó og Jósefína hefur verið gerð samnefnd kvikmynd, sem hefur hlotið mikið lof. Það er óhætt að mæla með þessum bókum handa börnum á öllum aldri.

ISLENZKUR TEXTI.
 Bráðskemmtileg og afarfyndin frá byrjun til enda. Ný ítölsk-amerísk kvikmynd í sérflokk í litum og CinemaScope. Leikstjóri hinn frægi Marco Vircario.
 Aðalhlutverk: Rossana Podeta, Lando Buzzanca.
 Myndin er með ensku tali.
 Endursýnd kl. 10.
 Síðasta sinn.
 Bönnuð börnum innan 16 ára.

Brúin yfir Kwai-fljótið

ISLENZKUR TEXTI
 Með Alec Guinness, William Holden.
 Sýnd kl. 7.

Pörscafé

Opið kl. 9-1

Kjarakaup
 Hjarta Crepe Combi, verð kr. 176 hnotan, áður kr. 196. Nokkrir litir á aðeins kr. 100 hnotan. 10% auka afsláttur af 1 kg pökkum.
Hof Þingholtsstræti 1

ISLENZKUR TEXTI.
 Hin æsispennandi Oscarsverðlaunamynd, sem alls staðar hefur verið sýnd við metaðsókn.
 Endursýnd kl. 5, 7 og 9
 Bönnuð innan 14. ára.

hafnarbíó
 16-444
Léttlyndi bankastjórinn

Norman Wisdom **What's good for the Goose.**
 TERENCE ALEXANDER SARAH AITHYNSON, SALLY BAZELY DEREK FRANCIS DAVID LODGE PAUL WHITSUN-JONES and introducing SALLY GEESON
 Bráðskemmtileg og fjörug gamanmynd í litum um ævintýri bankastjóra sem gerist nokkuð léttlyndur.
ISLENZKUR TEXTI.
 Endursýnd kl. 3, 5, 7, 9 og 11.

AUSTURBEJARBÍÓ
 1-13-84
ISLENZKUR TEXTI
 Desmond Bagley Sagan **Gildran**
The Mackintosh Man

 Sérstaklega spennandi og vel leikin, bandarísk kvikmynd í litum byggð á samnefndri metsölubók eftir Desmond Bagley, en hún hefur komið út í ísl. þýðingu.
 Aðalhlutverk: Paul Newman, Dominique Sanda, James Mason.
 Endursýnd kl. 5, 7 og 9.

ISLENZKUR TEXTI.
 Hin æsispennandi Oscarsverðlaunamynd, sem alls staðar hefur verið sýnd við metaðsókn.
 Endursýnd kl. 5, 7 og 9
 Bönnuð innan 14. ára.

LAUGARASBÍÓ
 3-20-75
Arásarmaðurinn

LET THE REVENGE FIT THE CRIME!
 There's a dirty word for what happened to these girls!

 ... NOW THEY'RE OUT TO GET EVEN!
ACT OF VENGEANCE
 THE STORY OF THE RAPE SQUAD!
 Sérlega spennandi og viðburðarík ný amerísk kvikmynd í litum.
 Bönnuð innan 16 ára.
 Sýnd kl. 5, 7, 9 og 11.

Léttara hjal — alvara og kímni vega salt

Komin er út bók eftir Tómas Guðmundsson, Léttara hjal, sem er safn smágreina, ásamt ritgerð um Magnús Asgeirsson skáld, sem Tómas tileinkar bók þessa. Eiríkur Hreinn Finnbogason ritar formála, en í eftirmála gerir Tómas nokkra grein fyrir tilefni þáttanna.

Káputeikning er eftir son höfundar, Tómas Tómasson. Bókautgafan Forni gaf bókina út.

Segir höfundur á einum stað: — Orðlill skammtur af græzkulausu skopi getur hjálpað mönnum ótrúlega mikið til þess, að sjá sjálfa sig í réttu ljósi og réttir stærð...vil ég fúslega játa, að til eru þeir hlutir í Léttara hjali, sem vekja hjá mér nokkra blygðun. Þannig hefði ég að skaðlausu getað sparað mér ýmis skopyrði um góðvini mína, og þó að þeir hafi aldrei látið mig gjalda þeirra, er sá drengskapur mér sjálfum engin málsbót.

Léttara hjal er 212 bls. að stærð, prentuð í Félagsprentsmiðjunni hf., en Bókfell hf. sá um bókband.



Tónabíó
 3-11-82
DECAMERON

 Ný, ítölsk gamanmynd gerð af hinum fræga leikstjóra P. Pasolini.
 Efnid er sótt í djarfar smásögur frá 14. öld. Decameron hlaut silfurbjörninn á kvikmyndahátíðinni í Berlin.
 Aðalhlutverk: Franco Citti, Minetto Davoli.
 Myndin er með ensku tali og **ISLENZKUR TEXTA.**
 Bönnuð börnum innan 16 ára.
 Sýnd kl. 5, 7 og 9,15.
 Síðasta sýningarhelgi.